



Skipulag vinnuskóla 2014

Vinnuskóli Fjarðabyggðar verður starfandi 5. júní - 15. ágúst.

Almennt um vinnufyrirkomulag:

Störf við fegrun og umhverfismál bæjarins 85 %

Störf önnur en vinna 15 %

Vinnutími og laun:

14 ára (árgangur 2000) - vinnutími frá kl. 8-12 eða 13-17

4 heilar vinnuvikur m.v. 4 tíma á dag (80 tímar). Hægt er að velja þær vikur sem henta best innan starfstíma vinnuskólans. Laun eru 40% af launaflokki 115 samkvæmt launatöflu sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

15 ára (árgangur 1999) - vinnutími frá kl. 8-12 eða 13-17

6 heilar vinnuvikur m.v. 4 tíma á dag (120 tímar). Hægt er að velja þær vikur sem henta best innan starfstíma vinnuskólans. Laun eru 50% af launaflokki 115 samkvæmt launatöflu sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

16 ára (árgangur 1998) – vinnutími frá kl. 8-12 og 13-17.

8 heilar vinnuvikur m.v. 8 tíma á dag (320 tímar). Hægt er að velja þær vikur sem henta best innan starfstíma vinnuskólans. Laun eru 70% af launaflokki 115 samkvæmt launatöflu sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Skipting tíma milli hefðbundinna starfa og starfa þar sem spila saman þjálfun og fræðsla:

14 ára, 80 tímar alls. 12 tímar af því fara til annarra en hefðbundinna starfa:

10 tímar í lífsleikni, 2 tímar í forvarnir og jafningjafræðslu.

15 ára, 120 tímar alls. 18 tímar af því fara til annarra en hefðbundinna starfa:

20 tímar í verknám í Verkmenntaskóla Austurlands, 10 tímar í lífsleikni og 2 tímar í forvarnir og jafningjafræðslu.

16 ára, 320 tímar alls. 48 tímar af því fara til annarra en hefðbundinna starfa:

34 tímar í lífsleikni, 8 tímar í starfskynningu, 4 tímar í lokahóf vinnuskóla og 2 tímar í forvarnir og jafningjafræðslu.

Starfskynning: Leikskólar, liðveisla, aðstoð á leikjanámskeiðum, flokkunarstöð Íslenska Gámafélagsins

Lífsleikni: Flokksstjórar skipuleggja í hverri viku lífsleikni sem felur í sér m.a. hreyfingu, hópefli, fræðslu, leik, undirbúning fyrir hátíðir, sérverkefni fyrir íþróttafélögin ofl.

Annað:

Lokahóf verði haldið (31. júlí) eftir hádegi í hverjum byggðakjarna þar sem öllum nemendum er boðið að mæta og taka þátt.